




Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð



Efni: Áheyrn Reykjavíkurráðs ungmenna í skóla- og frístundaráði

Á fundi skóla- og frístundaráðs 17. september sl. var samþykkt og vísað til borgarráðs meðfylgjandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð beinir því til borgarráðs að breyta samþykkt um skóla- og frístundaráð á þann veg að Reykjavíkurráði ungmenna verði heimiluð áheyrn í skóla- og frístundaráði með málfrelsi og tillögurétti. Áheyrn verði með sama hætti og annarra áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráði

Greinargerð fylgdi.

Jafnframt var lögð fram umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna um setu áheyrnarfulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna í skóla- og frístundaráði og bréf frá skrifstofu borgarstjórnar um endurskoðun samþykktar um skóla- og frístundaráð vegna áheyrnarfulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna, dags. 12. nóvember 2013.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Ragnar Þorsteinsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð, frá 65. fundi 17. 9 2014

Umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna

Bréf frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. nóvember 2013

Fundargerð frá 65. fundi skóla- og frístundaráðs

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata um áheyrn Reykjavíkurráðs ungmenna.

Skóla- og frístundaráð beinir því til borgarráðs að breyta samþykkt um skóla- og frístundaráð á þann veg að Reykjavíkurráði ungmenna verði heimiluð áheyrn í skóla- og frístundaráði með málfrelsi og tillögurétti. Áheyrn verði með sama hætti og annarra áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráði.

Greinargerð:

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum þann 20. nóvember 2013 tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að beina því til borgarráðs að breyta samþykkt um ráðið á þá leið að Reykjavíkurráði ungmenna verði heimilað að skipa áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráð með málfrelsi og tillögurétti.

Á sama fundi var samþykkt tillaga sem byggði á umsögn skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. nóv. 2013, þar sem skóla- og frístundaráð fól sviðsstjóra að gera umgjörð um aðkomu Reykjavíkurráðs ungmenna sem áheyrnarfulltrúa að fundum skóla- og frístundaráðs, m.a. í samráði við Reykjavíkurráðið, þannig að aðkoma ungmennanna verði markviss og þeim gert kleift að mæta á þá fundi þar sem til umfjöllunar eru mál er varða hagsmuni þeirra.

Á fundi skóla- og frístundaráðs, þann 19. mars sl., samþykkti skóla- og frístundaráð að fulltrúum úr Reykjavíkurráði ungmenna verði heimiluð seta sem áheyrnarfulltrúar í skóla- og frístundaráði út yfirstandandi kjörtímabil. Í kjölfar þeirrar reynslu verði gerðar breytingar á samþykkt ráðsins til að skilgreina umgjörð um aðkomu Reykjavíkurráðsins að fundum ráðsins sem byggir á tillögum sem ráðið samþykkti 6. febrúar 2013. Framangreint var einnig samþykkt af borgarráði.

Í framhaldinu sátu tveir fulltrúar Reykjavíkurráðs ungmenna fimm fundi skóla- og frístundaráðs.

Í bréfi Reykjavíkurráðs ungmenna, dags. 10. september 2014, kemur fram að Reykjavíkurráðið er sammála um að seta fulltrúa þeirra í skóla- og frístundaráði hafi verið til góðs. Ráðið telur mikilvægt að ungmenni eigi sína málsvara á fundum ráðsins og finnst gott til þess að vita að sjónarmið þeirra séu höfð að leiðarljósi í mennta- og frístundamálum borgarinnar. Reykjavíkurráðið telur heppilegasta fyrirkomulag áheyrnar ráðsins í skóla- og frístundaráði að áheyrnarfulltrúar þess séu tveir og að þeir séu ávallt þeir sömu.

Góð reynsla er af setu Reykjavíkurráðs ungmenna í skóla- og frístundaráði og því lagt til að samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð verði breytt með þeim hætti að Reykjavíkurráði ungmenna verði heimiluð áheyrn í skóla- og frístundaráði með málfrelsi og tillögurétti. Til að gæta jafnræðis verði fjöldinn sá sami og annarra áheyrnarfulltrúa. Fram hefur komið hjá fulltrúum í Reykjavíkurráði ungmenna að það valdi ekki vanda að sami einstaklingurinn sækir alla fundi ráðsins. Reykjavíkurráðið myndi tilnefna varamann aðalmanns sem sækir fundi við forföll aðalmanns líkt og hjá öðrum áheyrnarfulltrúum. Starfstími hvers Reykjavíkurráðs er eitt ár og hefst starfsárið 1. október ár hvert.

Umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna um setu áheyrnarfulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna í skóla- og frístundaráði.

Meðlimir Reykjavíkurráðs eru sammála um að seta fulltrúa þess í skóla- og frístundaráði hafi verið til góðs. Þeir telja mikilvægt að ungmenni eigi sína málsvara á fundum ráðsins og finnst gott til þess að vita að þeirra sjónarmið séu höfð að leiðarljósi í mennta- og frístundamálum borgarinnar.

Reykjavíkurráð telur heppilegasta fyrirkomulag áheyrnar fulltrúa ráðsins vera að tveir fulltrúar ráðsins sitji í skóla- og frístundaráði og verði alltaf þeir sömu.

Ráðið þakkar ráðinu fyrir að gefa ráðinu tækifæri á áheyrn og þakkar gott samstarf og hlakkar til áframhaldandi samstarfs.

Við erum sammála um að seta fulltrúa okkar í skóla- og frístundaráði hafi verið til góðs. Við teljum mikilvægt að ungmenni eigi sína málsvara á fundum ráðsins og okkur finnst gott til þess að vita að okkar sjónarmið séu höfð að leiðarljósi í mennta- og frístundamálum borgarinnar. Reykjavíkurráð ungmenna hlakkar einnig til byrjunar á samstarfi við íþrótt- og tómstundaráð.

Við teljum heppilegasta fyrirkomulag áheyrnar ráðsins í skóla- og frístundaráði vera að tveir fulltrúar þess sitji fundi Skóla- og frístundaráðs og verði alltaf þeir sömu.

Við teljum heppilegasta fyrirkomulag áheyrnar ráðsins í íþrótt- og tómstundaráði vera að einn fulltrúi þess sitji fundi skóla- og frístundaráðs og verði alltaf sá sami.

Við viljum þakka ykkur fyrir að gefa okkur tækifæri á áheyrn og gott samstarf. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs.



Skóla- og frístundasvið
Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar - endurskoðun samþykktar um skóla- og frístundaráð vegna áheyrnarfulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna.

Með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags 14. ágúst sl. til allra sviða, er ný samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar kynnt auk þess sem óskað eftir yfirferð á öllum viðaukum við samþykktina í samræmi við ákvörðun borgarráðs. Með bréfi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 24. september sl. koma fram ábendingar um innihald viðauka um fullnaðarafgreiðslur ráðsins og embættisafgreiðslur sviðstjórans.

Í bréfinu er jafnframt óskað álits skrifstofu borgarstjórnar á fyrirliggjandi tillögu um að samþykktum verði breytt á þann hátt að Reykjavíkurráði ungmenna verði heimilað að skipa áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráð ráðið með málfrelsi og tillögurétt. Skrifstofa borgarstjórnar gerir ekki athugasemdir við samþykkt tillögunnar en bendir á að nauðsynlegt er að huga að því að um er að ræða ungmenni á aldrinum 13-18 ára sem ekki hafa tök á því að sitja alla fundi ráðsins m.a. vegna þess að fundartíma ber oftast upp á skólatíma. Huga þarf að því, við gerð breytingatillögu á samþykktunum að gera sérstaka umgjörð um þessa áheyrnarfulltrúa, m.a. í samráði við Reykjavíkurráðið, þannig að aðkoma ungmennanna verði markviss og að þeim verði gert kleift að mæta á þá fundi þar sem til umfjöllunar eru mál sem varða hagsmuni þeirra.


Helga Björk Laxdal

SKJALAVER HÖFÐATORGI
14. Nóv. 2013
Málsnr.: SFS 2013020118
Bréfalykill: 0-2

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2014, 17. september, var haldinn 65. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn hjá Námsflokkum Reykjavíkur, Suðurlandsbraut 32 í Reykjavík og hófst kl. 12:07. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Ragnar Hansson (Æ) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (Þ), Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Bryndís Jónsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórar í grunnskólum og Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Auður Árný Stefánsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Kristján Gunnarsson og Soffía Pálsdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram *Félagsleg menntastefna Námsflokka Reykjavíkur, skýrsla um stefnumótun*, dags. 2014. Iðunn Antonsdóttir, forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur, kynsir og svarar fyrirspurnum. SFS2012040048

- Kl. 12:18 tekur Sveinn Sigurður Kjartansson sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir vinnu starfshóps um endurskoðaða félagslega menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu starfshópsins um félagslega menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir jafnframt eftirfarandi tillögu starfshópsins:

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í samstarfi við sviðsstjóra velferðarsviðs, verði falið að mynda starfshóp til að skoða sértæka kennslufræðilega nálgun og ráðgjöf, innihald og umgjörð átaksverkefna sem Námsflokkar Reykjavíkur sinna fyrir velferðarsvið. Skoðaðir verði möguleikar á að gera langtímasamninga um hluta þjónustu Námsflokka Reykjavíkur við velferðarsvið vegna átaksverkefna. Jafnframt taki starfshópurinn til skoðunar fyrirkomulag starfa náms- og starfsráðgjafa Námsflokka sem vinna á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs.

Samþykkt.

2. Lagður fram bæklingurinn *Menntun núna í Breiðholti*, ódags. Óskar Dýrmundur Ólafsson, hverfisstjóri í Breiðholti og Stefanía Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri Menntun núna, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2014090118

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir kynningu á verkefninu Menntun núna. Um er að ræða mikilvægt verkefni til að auka menntunarstig Reykvíkinga. Einkenni félagslegrar menntastefnu Reykjavíkurborgar er sveigjanleiki til að mæta mismunandi og síbreytilegum aðstæðum í þjóðfélaginu. Hlutverk Námsflokka Reykjavíkur byggir á sveigjanleika í kennsluháttum og skipulagi og að þeir hafi frumkvæði í fullorðinsfræðslu sem leiði til þess að til verði fleiri námsleiðir fyrir íbúa Reykjavíkurborgar í samstarfi við aðrar borgarstofnanir, opinbera fræðsluaðila og félagasamtök. Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á markvisst samstarf innan sem utan Reykjavíkurborgar í fullorðinsfræðslu í þeim tilgangi að takast á við það mikla verkefni að stór hluti vinnuafslsins á almennum markaði hefur ekki lokið prófi umfram grunnskóla.

- Kl. 12: 50 tekur Guðrún Gunnarsdóttir sæti á fundinum.

3. Starfs- og fjárhagsáætlunargerð skóla- og frístundasviðs 2015-2019. Lögð fram drög að áherslum og forgangsörðun skóla- og frístundasviðs 2015-2019. SFS2014040028

Samþykkt, með áorðnum breytingum, með 5 atkvæðum, skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir sitja hjá.

4. Lögð fram skýrsla starfshóps um lífsleikni og lífsleiknikennslu, dags. í júní 2014, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um lífleikni og lífsleiknikennslu, dags. 10. september 2014. Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2013100101

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góða vinnu starfshóps um lífsleikni og lífsleiknikennslu. Sviðsstjóra er falið að koma tillögunum í farveg og einnig að vekja athygli á öðrum áhugaverðum ábendingum frá starfshópnum og öðrum þátttakendum á málþingi sem starfshópurinn stóð fyrir. Tillögum sem fela í sér kostnaðarauka er vísað til starfs- og fjárhagsáætlunargerðar 2015.

Samþykkt.

5. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um frítímastarf margbreytileikans, dags. 10. september 2014, ásamt skýrslu starfshóps um frístundaþjónustu skóla- og frístundasviðs fyrir börn og unglinga með fötlun. SFS2013090092

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góða vinnu starfshóps um frístundaþjónustu fyrir börn og unglinga með fötlun. Sviðsstjóra er falið að koma þeim tillögum sem ekki fela í sér kostnaðarauka í farveg. Tillögum sem fela í sér kostnaðarauka er vísað til starfs- og fjárhagsáætlunargerðar 2015.

Samþykkt.

6. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Sviðsstjóra er falið að vinna stöðumat á frístundapjónustu skóla- og frístundasviðs, þ.e. að safna saman þeim gögnum og skýrslum sem til eru um frístundapjónustu skóla- og frístundasviðs til að undirbúa stefnumótunarvinnu um frístundapjónustu barna og unglinga í Reykjavík.

Greinargerð fylgir. SFS2014090109

Samþykkt.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Skóla- og frístundaráð beinir því til borgarráðs að breyta samþykkt um skóla- og frístundaráð á þann veg að Reykjavíkurráði ungmenna verði heimiluð áheyrn í skóla- og frístundaráði með málfrelsi og tillögurétti. Áheyrn verði með sama hætti og annarra áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráði.

Greinargerð fylgir. SFS2013020118

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Jafnframt lögð fram umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna um setu áheyrnarfulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna í skóla- og frístundaráði og bréf frá skrifstofu borgarstjórnar um endurskoðun samþykktar um skóla- og frístundaráð vegna áheyrnarfulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna, dags. 12. nóvember 2013.

8. Lögð fram hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 3. júlí 2014, varðandi flutningabíla á skólalóðum þegar nemendur eru að mæta. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. september 2014. SFS2014070025

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Sviðsstjóra er falið að ítreka við skólastjóra mikilvægi þess að öryggi barna á skólalóðum verði tryggt og að umferð bíla þurfi að taka mið af því.

Samþykkt.

9. Lögð fram hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 3. júlí 2014, varðandi námskeið þar sem nemendur kenna foreldrum, „Eggið kennir hænunni“. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. september 2014. SFS2014070024

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Sviðsstjóra er falið að miðla tillögunni til SAMFOK til umfjöllunar og hugsanlegrar umræðu innan foreldrafélaga grunnskóla.

Samþykkt.

10. Lögð fram hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 5. ágúst 2014, um að fjármálakennsla byrji í 1. bekk grunnskóla. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. september 2014. SFS2014080014

Tillögunni vísað frá með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

11. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi mötuneytisþjónustu í Hagaskóla sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 3. september 2014:

Framleiðsla matvæla hefur verið skert í mötuneyti Hagaskóla og þar með dregið verulega úr þeirri fjölbreytni, sem nemendum hefur staðið til boða í mötuneyti skólans. Hefur m.a. verið dregið úr framboði ávaxta. Skóla- og frístundaráð beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að sem fyrst verði ráðist í viðeigandi úrbætur á húsnæði skólans í því skyni að tryggja sambærilega þjónustu mötuneytisins og veitt var sl. vetur. Jafnframt verði óskað eftir því við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að umrætt mötuneyti fái áframhaldandi undanþágu fyrir slíka starfsemi í ljósi þess að slíkar framkvæmdir standi fyrir dyrum.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. september 2014, um mötuneyti Hagaskóla. SFS2014090015

- Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Framleiðsla matvæla hefur verið skert í mötuneyti Hagaskóla og þar með dregið verulega úr þeirri fjölbreytni, sem nemendum hefur staðið til boða í mötuneyti skólans. Hefur m.a. verið dregið úr framboði ávaxta. Skóla- og frístundaráð beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að sem fyrst verði ráðist í viðeigandi úrbætur á húsnæði skólans í því skyni að tryggja sambærilega þjónustu mötuneytisins og veitt var sl. vetur.

Frestað.

12. Lagt fram á fundinum minnisblað, dags. 17. september 2014, um stöðu í starfsmannamálum frístundastarfs skóla- og frístundasviðs í september 2014. SFS2014080083
13. Lagt fram sex mánaða fjárhagsuppgjör skóla- og frístundasviðs, janúar til júní 2014. Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2014060146
14. Lagt fram yfirlit yfir innkaup skóla- og frístundasviðs yfir 1 m.kr., apríl – júní 2014. SFS2014060149
- Kl. 15:47 vikur Bryndís Jónsdóttir af fundi.
 - Kl. 15:53 vikur Rósa Ingvarsdóttir af fundi.

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn: Óskað er upplýsinga varðandi námsmarkmið sem lögð eru til grundvallar við gerð samræmdar prófa í 4. 7. og 10. bekk. Eru prófin miðuð við þau námsmarkmið sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér í lok 4. 7. og 10. bekkjar eða í lok 3. 6. og 9. bekkjar?

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn: Við sameiningu grunnskóla í Reykjavík árin 2011-2012 var því heitið að nemendur í 6. og 7. bekk myndu áfram sækja skóla í sínu heimahverfi. Í byrjun maí sl. var foreldrum í Engjahverfi tilkynnt einhliða að frá og með nýhöfnu skólaári gætu nemendur í 6. og 7. bekk Engjaskóla ekki lengur sótt skóla í sínu heimahverfi heldur þyrftu þeir að fara í Borgaskóla. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær umrædd

ákvörðun var tekin og með hvaða hætti hún var tekin. Var samráð haft við foreldra um málið og þá með hvaða hætti? Þá er óskað eftir skýringum á því af hverju ekki var staðið við umrætt loforð.

Fundi slitið kl. 16:00

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran
Líf Magneudóttir
Ragnar Hansson

Kjartan Magnússon
Marta Guðjónsdóttir
Sabine Leskopf